

Fundargerð 127. fundar Fræðslusjóðs

Þriðjudaginn 26. september 2023 kl. 13:00-14:30.

Haldinn í fjarfundi.

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Hulda Anna Arnljótsdóttir, Bergþóra Hrönn Guðjónsdóttir, Finnbogi Sveinbjörnsson, Gylfi Jónu Arinbjarnarson, Margrét Sigurðardóttir, Heiðrún Björk Gísladóttir, Sigurbjörn Árni Arngrímsson, Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir og Björn Garðarsson sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ

1. Fundargerð 126. fundar

Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt.

2. Hlutverk Fræðslusjóðs og FA og skörun þar á milli

Kynning á Fræðslusjóði og framhaldsfræðslunni – ID/HB/BG

Glærur frá kynningunni eru aðgengilegar á svæði stjórnar í fundargögnum fundarins.

3. Viðbótarúthlutun 2023 (fskj. 02 Viðbótarúthlutun 2023-Tillaga)

Afgreiðsla: Samþykkt að úthluta 100% af umsóknum til námsleiða og 100% til raunfærnimats, en að hámarki 50% af úthlutun ársins til náms- og starfsráðgjafar.

Samþykkt viðbótarúthlutun 2023:

| Fræðsluaðili | Námsleiðir | Ráðgjöf | Raunfærnimat |
|------------------------|-------------------|------------------|------------------|
| Framvegis | | 3.026.500 | |
| Símenntun Vesturlandi | 4.000.000 | | |
| SÍMEY | 8.500.000 | | |
| Þekkingarn. Þingeyinga | 10.000.000 | 3.877.000 | 2.000.000 |
| MSS | 50.000.000 | | |
| Samtals allt | 72.500.000 | 6.903.500 | 2.000.000 |

Aðrir fræðsluaðilar óskuðu ekki eftir viðbótarúthlutun.

4. Fjárlagafrumvarp 2024 – Skipting á verkefnaflokka (fskj. 03 Fjárlagafrumvarp)

Afgreiðsla: Óskað er eftir að FA leggi fram á næsta fundi stjórnar upplýsingar um hvernig færslur á milli flokka eru innan ársins 2023 hvernig úthlutun og framkvæmd hefur verið undanfarin ár og hvort einhverjar og þá hvaða breytingar eru að eiga sér stað á starfsvæðum fræðsluaðila. Í ljósi þessa var ákvörðun um skiptingu sjóðsins á verkefnaflokka frestað til næsta stjórnarfundar.

5. Úttekt á framhaldsfræðslunni

Skýrsla Ásgeirs Brynjars Torfasonar, hefur ekki verið birt opinberlega ennþá, en gert er ráð fyrir að hún komi út innan skamms. Föstudaginn 29. september mun Ásgeir Brynjar kynna niðurstöður sínar um fjármögnun framhaldsfræðslunnar á Menntakviku, en það er m.a. einn þáttur úttektarinnar. Menntakvika er árleg ráðstefna Menntavísindasviðs

Háskóla Íslands. Stjórnarfolk er hvatt til að kynna sér dagskrá Menntakviku, en erindið verður í beinu streymi.

6. Þróunarverkefni 2023

Afgreiðsla: Samþykkt var að úthluta ekki til nýsköpunar- og þróunarverkefna í ár, enda segir í skilmálum og úthlutunarreglum sjóðsins að auglýsing skuli vera birt í mars og að úthlutun skuli vera lokið í maí. Þess í stað verður fjármagninu, sem ætlað var í þessa styrki þ.e. 35 milljónir, fært yfir á næsta ár og bætist því við framlagið 2024.

Formaður mun leggja fram tillögu að fulltrúum í úthlutunarnefnd á næsta stjórnarfundum.

7. Umsókn MSS – Framhald frá síðasta fundi (fskj. 06 Umsókn í Fræðslusjóð)

Afgreiðsla: Stjórn Fræðslusjóðs hefur tekið fyrir erindi frá Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) dagsett 15. maí 2023.

Stjórn Fræðslusjóðs hafnar erindinu á þeim forsendum að málið þarfnast mun betri skoðunar. Stjórn Fræðslusjóðs vísar erindinu til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins og mennta- og barnamálaráðuneytisins til frekari úrvinnslu.

8. Önnur mál

a. Vinnudagur stjórnar – Finna tíma og staðsetningu.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda vinnudag stjórnar þriðjudaginn 7. nóvember. Stjórnarmenn eru beðnir að taka allan daginn frá. Dagskrá verður send út þegar nær dregur.

Kostnaður verður greiddur af Fræðslusjóði.

b. Sögur af vinnudegi fræðslu- og símenntunarmiðstöðva í Eyjum 19. – 20. sept.

Frestað

c. Evrópska hæfniárið

Frestað